

2014

Ferming. Sveit í Ölfusi 1967.

1967 er fermingarár höfundar. Sama sumar var hann í sveit í Ölfusi og fékk í laun 2500 krónur á mánuði og þótti bara ágætt. Þar var hann innanum þrýðisfólk. Þó fæst af því hafi hann hitt frá þeim tíma.

*Sá sem vill
sjá góða
daga haldi
sér frá vöndu
og gjöri gott.*


*Allt megu
ég fyrir hjálp
hans sem mig
styrkan
gjörir.*

*Lát engan
líta smáum
augum á
æsku þína.*


*Jesú fer fyrir
og honum
fylgi ég og er
þar sem hann
er.*

*Söknuðurinn
kemur en í
Jesú signast
ég á honum.*

*Ver þú
hughraust/ur
hrausta hetja
Drottins.*



" Sá sem hylur yfirsjónir sínar,
verður ekki lángefinn,
en sá sem játar þær og lætur af þeim,
mun miskunn hljóta. "
(Orðskv. 28: 13.)



Málæðinu fylgja yfirsjónir,
en sá breytir hyggilega,
sem hefur taum á tungu sinni. "

(Orðskv. 10: 19)

*Höfundur: Konráð Rannar Friðfinnsson
www.sporisandi.is
23.4.2014*



Árið 1967 var allt sem snéri að ferðum út fyrir bæinn ekki efst á blaði fólks né heldur hugað svo mjög að slíku. Nema þá undir sérstökum kringumstæðum. Ekki svo að skilja að fólk gæti þetta ekki sem á annað borð átti bifreið. Hugsunina bara skorti. Um 1970 eru sumarfrí með tjald og útilegubúnað orðnar nokkuð algengar hjá fjölskyldum og bílaeign landsmanna önnur.

1967 voru uppábúnaðar sunnudagsheimsóknir fólks til vina og kunningja enn við lýði en fara upp úr þessu minnkandi og lognast að mestu útaf sem fastur punktur tilverunnar á næstu árum. Þessu eru menn sammála. Í sunnudagsheimsóknunum komu fjölskyldur saman hjá vinafólki, oft foreldrum, með maka og börn. Ágætis siður og eflir góð tengsli. Sjálfur mann höfundur eftir svona heimsóknum eldri systkina í foreldrahús sem flogin voru úr hreiðrinu og þá komin með heimili og börn sem fylgdu þeim í þessum heimsóknum.



Morgunblaðið 5 apríl 1967.

Predikarinn Billy Graham svarar lesendum blaðsins.
Billy var fastur penni á blaðinu í mörg ár.
Margir muna eftir pistlum Billy Graham.
Merkilegt framtak guðsmannsins.

Vegna minni bílaeignar voru í þann tíð bílastæði við heimilin ekki vandamál líkt og síðar varð á gömlu götunum sem ekki var gert ráð fyrir mikilli umferð á. Gamli bærinn í Hafnarfirði, vesturbærinn, er gott dæmi um þetta. Menn fengu auðveldlega stæði við sín heimili og kannski nokkrir metrar í næsta bíl. Sjálfur mann höfundur eftir Hellisgötu í kringum 1967 sem frekar fáir bílar voru á og fráleitt við hvert hús götunar. Á þessum árum eru menn þó byrjaðir að benda á mjóa vegi og lélega sem engan vegin fylgi ört vaxandi bíleign fólks. Landsbyggðarvegir voru flestir malarvegir og til skiptis einbreiðir og tvíbreiðir.

Fermingin 1967.

Fermingar á morgun

Ferming í Háteigskirkju sunnudaginn 23 apríl kl. 2. (Sera Jón Þorvarðsson).

STÚLKUR

Áslaug Pétursdóttir, Stengarholli 31

Brynja Árný Norquist, Stóragarði 34

Dagrún Erla Hauksdóttir, Skipholt 43

Elisabet Hilmarisdóttir, Safamýri 85

Eva Geirsdóttir, Stígahlíð 42

Guðbjörg Kristín Gunnarsdóttir, Háaleitabraut 24

Guðrún Hildur Bjarnadóttir, Hvassaleiti 157

Guðrún Sölveig Guðjónsdóttir, Barnahlíð 8

Guðrún Ólgeirsdóttir, Álfamýri 35

Ingibjörg Haraldsdóttir, Álfamýri 6

Jóhanna Gunnarsdóttir, Álfamýri 55

Kristín Aradóttir, Reykjahlíð 12

Kristín Sigurðarsdóttir, Barnahlíð 8

Rósmunda Gerður Bjarnadóttir, Hvassaleiti 157

Steinhaldr Sigurðarsdóttir Háteigsveg 35

DRENGIR

Árni Heið Ingason Álfamýri 32

Egill Ásmundsson Háteigsveg 26

Pinnur Egilsson Skautahlíð 32

Guðmundar Árnason Hlíðahlíð 22

Guðmundar Elías Nielsón Skautahlíð 42

Guðmundar H. Vilborg Barnahlíð 34

Gunnar Már Sigurgeirsson, Stangarholli 3

Jóhanna Eyrúnsson Kiesel Stangarholli 15

Jón Erlendsson Dröfnahlíð 8

Ragnar Ragnarsson, Ekkihlíð 10.

Jónas Birgir Birgisson, Ásenda 15

Kristína Kristínsson, Sogavegi 90

Ólafur Órn Valdimarsson, Heiðargarði 83

Páll Jóhann Guðbergsson, Rauðargarði 42

Pálmi Heigason Hlíðargarði 21

Sigmundur Hafberg Guðmundsson, Hlíðargarði 85

Sigurjón Guðmundsson, Sogavegi 20

Steinþór Gunnarsson, Langagerði 70

Vilhjálmur Ragnarsson, Rauðargarði 3

Dorsteinn Vignir Viggósson, Rauðgerði 18

Ferming í Laugarneiskirkju sunnudaginn 23. apríl kl. 10.30 f. b. (Sera Garðar Svavarsson).

STÚLKUR:

Björg Ida Müller Kraunteig 26

Elín Sigurbjörg Gestadóttir, Kleppsvog 22

Eygló Afalssteinsdóttir Rauðalæk 11

Máie Müller, Kraunteig 26

Margrét Sigfrídsdóttir Miðtún 64

Sigrún Sigurgeirsdóttir Hrísteig 14

Sigurbjörg Geirsdóttir, Kleppsvog 34

DRENGIR

Ágúst Pétursson, Stóragarði 14

Árni Pétursson, Bugólæk 7

Eybjólfur Þorinn Hjartarson, Rauðalæk 17

Guðmundar Bjarnason, Kleppsvog 74

Guðmundar Sigurhannson, Ötra-slé 26

Gunnar Líkafrón Benediktsson, Hlíðaborg 78

Heiðrún Svana Heigason, Laugarneisveg 21

Ingvar Káran, Framnesvegi 30

Jóhannes Þór Guðbjartsson, Brúdraborgarsig 19

Jón Guðnar Hauksson Hjarðarhaga 17

Magnús Pálsson, Unnarbraut 6, Seltjarnarnes

Óddur Ólafsson Tómasarhaga 23

Ómar Morthens Heiðargarði 41

Óskar Óskarnsson, Kirkjustræti 2

Páll Hermannsson, Reynmel 80

Sigurður Hafsteini Björnsson, Sörláskóli 78

Skúli Gunnar Hjaltason Meistaravöllum 29

Þorleifur Geirsson, Baugsvogi 44

Skerjafarði

Fermingarborn í Hafnarfjarðarkirkju sunnud. 23 apríl kl. 2 e.h.

DRENGIR

Árni Stefán Georgsson Selvegsgötu 22

Bjarni Geirsson, Hringbraut 63

Bragi Finnþósson, Hlíðarbraut 1

Emil Óskar Þorbjörnsson, Kirkjuvegi 10A

Gísl Ágúst Gunnlaugsson, Arnarbraut 28

Guðbjörn Friðriksson, Reykjavík-urveg 35B

Guðlaugur Jóhann Gunnlaugsson, Mössarbrú 14

Guðmundar Magnússon, Álfaskóli 83

Gunnar Magnússon, Ölduslóð 14

Jóhann Hauksson, Holtsgötu 17

Jón Benedikt Einarsson, Kjúkúln 21

Jón Svein Gunnarsson Við Hvamm 1

Jón Einar Lovvorn, Kjúkúln 3

Jón Þorleifsson, Svalbarði 2

Kristján Finnbogi Ólafsson, Bröttukúnn 27

Ólafur Björnsson Ölduslóð 21

Sigurður Jakob Arnórsson, Stekkjarbrú 13

Ragna Guðrún Ásladóttir, Hvassaleiti 11.

Sigríður Sigurjónsdóttir, Hvassaleiti 38

Sölveig Ólafsdóttir, Stóragarði 24

Svona Sigtryggisdóttir, Heiðargarði 11

Dórdís Soffía Friðrikadóttir, Grensásvegi 32

Þórhildur Líja Þorkelsdóttir, Stóragarði 22

DRENGIR

Einar Ágústsson, Hvassaleiti 12

Emil G. Fenger, Hvassaleiti 67

Hjörtur Sigurðsson, Hvassaleiti 59

Hrafkell Óðinsson, Heiðargarði 32

Ivar Andriússon, Hvassaleiti 33

Jón Halldór Sigurðsson, Brúðargarði 13

Karl Brynjar Magnússon, Skálagerði 17

Kjartan Gunnlaugur Ingvason, Eframngarði 9

Kristján Benedikt Gíslason, Skálagerði 9

Kristján Guðmundsson, Heiðargarði 27

Magnús Karlsson, Hvassaleiti 153

Ólafur Bjarnason, Sigtúni 27

Ólafur Simsen, Hvassaleiti 33

Páll Rúnar Elísson, Kringlumblá 14 við Miklubraut

Ragnar Bragason, Grensásvegi 58

Ragnar Sigurðsson, Hvassaleiti 43

Reynir Jóhannsson, Skálagerði 7

Sigmar Jálfr Halldórsson, Réttarholtsvegi 63

Sigurður Þór Guðmundsson Skálagerði 15

Þór Magnússon, Hvamngarði 7

Þórarinn Ragnar Ásgeirsson, Grensásvegi 58

Þórhallur Hauksson, Hvassaleiti 41

Þórir Ingi Þórisson, Heiðargarði 54

Ásprestakall. Fermingarborn sv. Grims Grimsómar í Laugarneiskirkju 23. apríl 1967. kl. 2 e.h.

DRENGIR

Árni Sveinsson, Eftirsmíð 12

Anna Jendóttir, Skipasmúli 28

Auður Inga Einarsdóttir, Selvegsgrunni 21

Bryndís Valgeirsdóttir, Langholtsvegi 10

Elfríður Dóruna Afalssteinsdóttir, Hlíðavogi 9

Herdis Snabjörnsdóttir, Laugarásvegi 41

Nana Egilsson Bécugötu 7

Ragnheiður Harfardóttir, Álfamann 35

Sýra Jóhannesdóttir, Laugarásvegi 60

Steinunn Kristín Þorvaldsdóttir, Grensásvegi 38

Vigdís Grimsdóttir, Kambsvegi 23

Ferming í Árbejarkirkju sunnudaginn 23. apríl kl. 11

Davíð Ágúst Guðmundsson, Selás 6A

Eysteinn Gunnar Guðmundsson, Nesjum við Suðurlandsbraut

Halldór Kalman Ásgeirsson, Smálandsbraut 3

Kristján Valdimar Valdimarsson, Klapparholli við Baldurhaga

Vigdís Lýðsson, Heiðarvannum við Suðurlandsbraut

Ferming í Árbejarkirkju kl. 2

Ólafur Sigurður Sigurðsson, Smálandsbraut 7

Sigurður Smári Sigvaldsson, Hítaveitavegi 2

Þorhildur Jónsdóttir, Tegavegi 2

Hilana Björk Reynisdóttir, Eliðavati

Kolbrún Ólafsdóttir, Þykuvæð 8

Sigrún Ásta Haraldsdóttir, Árbejarbrú 10

Fermingarborn í safnaðarheimili Langhúsaprestakalla sunnudaginn 23. apríl kl. 10.30

Ásláttur Svana Kjartansdóttir, Östra-Lindum 11

Morgunblaðið 23 apríl 1967. Svona auglýsingu birtu dagblöðin á vorin á undan fermingum. Ágætis siður.

1967 er fermingarár höfundar og fermdist hann í Hafnarfjarðarkirkju ásamt hópi jafnaldra af báðum kynjum. Daginn mann hann ekki. Til siðs var að fermingarborn færu með valið ritningavers við altarið. Og var svo einnig í hans tilviki. Ritningaversið skildi hann sko muna og valin einfaldasta leiðin að því marki, að hann taldi, og versíð sem ritað er á bogann yfir altari sömu kirkju valið. Það gat ekki klikkað. Er kom að honum að fara með sitt vers var allt horfið og sá prestur í hvað stefndi og fór með það fyrir hann. Og mikið varð stráksi feginn. Málin björguðust þó tæpt stæði og sviti sprytti eitt augnablik fram á enni. Er stundinni lauk og fermingabörnin lögð af stað út kirkjuganginn með þá beiðni prests yfir sér að ganga hægt og virðulega út kirkjuganginn hljóp skyndilega galsi í hópinn sem allur tók á sprett til forstofunnar þar sem krakkarnir afklæddust hvítu kirtlunum og skiluðu. Sá prýðis siður hófst ekki hér á landi fyrr heldur en 1954 í Akureyrarkirkju, að mig minnir.

Fermingarveislan hófst strax að stund lokinni og var auðvitað glæsileg. Bekkurinn heima varð þéttskipaður veislugestum. Á fermingardaginn fékk drengurinn nokkrar gjafir og var ein gjöfin glæsilegt ferðaútlit af gerðinni Sanyo. Tækið hafði viðarlitaða umgjörð, ekki mjög stórt, og fjórar rafhlöður sem gerði honum það kleyft að hlusta á Ríkisútvarpið og Kanann. Vandlega var um allt búið í bláum kassa frá framleiðanda. Gjöfin kom frá útlöndum og fjölskyldumeðlimi sem á þeim tíma starfaði á einu skipa Eimskipa. Í þann tíð voru ferðaútlit orðin nokkuð algeng og ágætlega þekkt vara í landinu. Allt var þetta svona að koma.



Sanyo ferðatækið og ein fermingargjöf höfundar á fermingardaginn 1967.

Eins og gekk og gerðist var ömmu minni, blessaðri, boðið eins og hin árin er barn úr fjölskyldunni fermdist. Hópurinn var stór og varð maður vitni að nokkrum fermingum áður en að sinni eigin kom. Siður ömmu var gefa sonar börnum sínum 1000 krónur í fermingagjöf. Þúsund kall þá var nokkur upphæð sem sannarlega munaði um. Er líða tók á daginn og komið fram á kvöld varð mér æ oftast litið til hennar ömmu minnar og farin að hugsa um á alverlegu nótnum hvort hún blessunin hafi hreinlega gleymt mér og spurning orðin um að minna hana á " hví hún væri hér " (afsakið) sem ekki varð þó af þó alvarlega væri velt fyrir sér. Að endingu þraut þolinmæðin og vatt ég mér að móðir minni sem þá stund stóð í eldhúsinu og hellti upp á könnuna: " Mamma! Hvernig er þetta eiginlega með hana ömmu? " spurði ég: " Ætlar hún ekki að fara að gefa mér þúsundkallinn? " - Við lá að eilítils hneykslis gætti í rödd stráksa. Mamma sussað á strák og sagði. " Svona svona. Vertu rólegur. Hún amma þín mann áreiðanlega eftir þér. " - Við svar hennar komst svolítill ró á. Er svo amma mín kvaddi klukkan að verða 22, og með síðustu mönnum, gat verið, skaust einn blár fram í lófa hennar og þúsundkallinn komst yfir í mínar hendur rétt eins og hinna systkina minna á tíma þeirra eigin fermingu. Og fylgdi koss með á kinn sem var ægilegasta raun að þola. En samt. Ýmislegt verður að láta yfir sig ganga. En hún amma blessunin gleymdi engum.

Endanleg tala fermingarfjárins var um 8000 krónur ásamt nokkrum hörðum pökkum sem ég reyndar mann ekki lengur hvað innihéldu, nema áðurgreint útvarpstæki sem fylgdi mér nokkur næstu ár.

Sveitaheimilið Ölfussi 1967



Í Ölfushreppi 1967.

Morgunblaðið 5 apríl 1967. Velvakandi:

Bítlar í einkennisklæðum:

" Stúlka í firðinum skrifar:


Margir bílstjórnanna í Hafnarfjarðarvögnunum eru laglegustu menn, kurteisir og geðfeldir. En sumir þeirra mættu fara oftar til rakarans til að láta klippa sig. Annars er yfirleitt hörmulegt að sjá hve margir karlmenn vanrækja að láta snyrta á sér hárið. Þeir eru verulega lubbagegir. Þetta er þó aldrei jafn áberandi og á mönnum sem ganga í einkennisbúningum. Sumir lögregluþjónanna í Reykjavík eru jafn sætir og bílstjórnarnir á Hafnarfjarðarvögnunum, en líka jafn lubbagegir til höfuðsins. Þessir herrar þurfa að láta snyrta á sér hárið vikulega. Það þurfa reyndar allir karlmenn að gera.

- Stúlka í Hafnarfirði "

Velvakandi svarar:

Bítlarnir okkar ættu að fara eftir þessu. Líka hinir sem ekki vilja vera Bítlar.

Hver aðdragandinn að ráðningu minni á sveitaheimilið í Ölfushreppi var mann ég ekki vel en minnir þó að einn vinur minn og kunningi hafi haft um hana milligöngu og komið henni í kring. Þekkti hann vel til heimilisins þar eystra og mælti með því og gekk að mig minnir í verkið. Sumarið 1966 var ég kauplaus en nú háttaði svo til og mér yrði greitt 2500 krónur á mánuði og frá því gengið áður en af stað var haldið.



1967 bárust annað veifið svona fréttir í dagblöðunum. Minna er um þær í dag.

Eftir að prófum lauk var fljótlega farið að undirbúa ferðina í Ölfushrepp. Er dagurinn rann upp var dótið borið út úr húsi og niður tröppurnar og komið fyrir í farangursgeymslu bifreiðar af gerðinni Ford Cortina árgerð 1964 eða 1965 í eigu fjölskyldumeðlims sem hann keypti sér árið áður fyrir hluta hýru síldveiðanna. Sjálfur var hann komin um borð í síldarbát úr Hafnafirði ásamt föður okkar og farin til síldveiðanna 1967 og veiðarnar hafnar á síldarmiðunum fyrir austan land er stráksi bar töskuna og pokann yfir í bílinn og kom fyrir á sínum stað og skellti niður skottlokinu. Elsti bróðir minn fékk bifreiðina að láni til að aka verðandi kaupastrák í sveitina. Einn eða tveir úr eigin fjölskyldu komu með og að minnsta kosti einn úr fjölskyldu elsta bróður míns sem að auki tók konu sína með. Aftursætið var því ríflega nýtt og líklega um yfirvigt að ræða, sem kannski minna var hirt um í þann tíð.

Ferðin austur var tíðindalítill. Eftirvænting og speningur var í höfundi fyrir sumrinu og öllu sem því mundi fylgja af væntanlega skemmtilegu.



Myndin er af Hrafn Sveinbjarnarsyni er hann kom til Grinda vikur úr fyrsta róðri. (Ljósm. Ól. Rúnar Þorvarðarson).

Úr Morgunblaðinu 5 apríl 1967.

Hrafn Sveinbjarnarson GK 255 kemur úr sínum fyrsta róðri til Grindavíkur.
Austur Þýskur bátur og einn af mörgum í landinu sömu tegundar.

Bærinn var skammt frá Hveragerði og beygt af leið 1 gegnt afleggjaranum til Hveragerðis og Þorlákshafnarvegurinn ekin. Eftir stuttan akstur var beygt til vinstri og til bæjanna sem voru við þann veg. Fjórir eða fimm talsins. Fljótlega blasti bærinn við á vinstri hönd. Sama fjölskylda hafði búið þar áratugum saman. Systkinahópurinn sem tengdist bæ þeim var allstór og annar sonanna, sá yngri, tekin við af föður sínum sem látin var fyrir nokkru er hér er komið sögu og hin flutt í hinn og þennan kaupstaðinn og sjálf komin með fjölskyldu, eins og gengur og gerist hjá flestu fólki.

Stansað var við hliðið, það opnað og spölurinn heim að bænum ekinn.



Heimili höfundar sumarið 1967. Svona blöstu húsakynin við fólkinu í hvítu Ford Cortinu bifreiðinni er það stansaði við hliðið til að opna það.

Bifreiðin renndi í hlað og fór fólkið út og teygði vel úr sér. Í sama mund laukst útihurðin upp og út kemur grannur maður á fimmtugsaldri með gleraugu og tók í hönd gesta og bauð þeim inn fyrir. Í fótspor mannsins gekk hundur sem komin var til ára sinna og hnusaði af fólkinu og lagðist í grasbalann upp við húsið og dæsti. Þarna var og annar hundur, tík, og enn

hálfgerður hvolpur. Kominn var bóndinn og smalahundurinn Sámur og tíkin Týra. Sámur elskaði fátt meira en að vera inn í bíl, eins og sumarið lauk rækilega upp fyrir mér.

Herbergið sem ég skildi vera í um sumarið var á efri hæð íbúðarhússins, sem komið var til ára sinna en samt ágætis hús og þokkalega viðhaldið. Gluggi herbergisins vísaði til norðurs og í átt að miklum fjallgarðinum sem Kambarnir eru í. Herbergið var ágætt með tveim rúmstæðum og skáp. Skömmu síðar kom strákur tveim árum yngri og deildum við saman þessari vistarveru og undum okkur ágætlega í sambýlinu um sumarið.

Við hlið herbergisins var hurð að geymslu. Stundum er húsið allt var orðið hljótt mátti heyra frá þessari geymslu og á milli þilja hlaup rotta og öðru hvoru smell er uppspennt rottugildra á geymslugólfi laukst um kvikindi. Bóndinn vitjaði gildranna annað veifið og kom eitt sinn fram með veiði og sagðist hafa veitt í matinn fyrir okkur. Við frusum en hann hló.



Herbergisgluggi höfundar sumarið 1967. Þaðan sást mikil fjallgarðurinn í norðri.

Fermingargjöfin, fallega ferðaútlarpstækið, var auðvitað með og enn í kassanum fína og stillt upp úti glugga. Þar var það reyndar meira og minna allt sumarið nema í þau örfáu skipti sem tækið var nýtt. Sannleikurinn er að maður tímdi því ekki. Við notkun gat nefnilega komið rispa. " Og hvað með það? " - segir maður í dag.

Sumarstörfín hófust. Tvær Massey Ferguson vélar voru á búinu og var önnur bensínvél með startara í gírnum, sumir muna enn eftir þeim, og hin dísilknúinni búin ámoksturstækjum. Bóndinn átti Ford Bronco jeppa bláan að lit frá árinu 1966 og einnig grænmálaðan Rússajeppa árgerð 1957 eða 1958 í fínu lagi. Þó ekki væri hann mikið notaður en af og til gangsettur.

Með fyrstu verkum mínum var að setjast upp í dísilvélinu með valtara tengdan við traktorsbeislið og þeysast með yfir tún og valta. Úti var töluverð rigning sem þótti víst ágætt er svona verk var unnið. Og hvort nýfermdur ég var ekki stoltur sitjandi þarna á mikilli vélinni. Elskaði beinlínis þessa vélarvinnu. Regn! Ekkert mál. Svo kom áburðardreifingin og eitt af öðru sem tilheyrir búskap.

Eitt verkanna var að reka lambærnar í rétt sem stóð neðan við bæinn og marka lömbin. Hlutverk mitt í þeirri vinnu var að halda á þeim í fanginu á meðan bóndi setti merki sitt í eyru þeirra með að mig minnir vasahníf. Sjálfur var maður klæddur strigapoka, kannski plastpoka, sem búíð var að klippa úr fyrir hendur og höfuð. Úr eyrum lambanna blæddi svolítið. Pokinn hlífði fatnaðinum. Eftir mörkun var fénu sleppt inn á Hellisheiði og í afrétt Ölfushrepps og máski fleiri hreppa á svæðinu.

Í júlí, líkleg á undan slætti, kom að rúningi og gerður út hópur ríðandi manna á fjallið til smölunar fjárins. Ég var með í hópnum á hesti sem var nú ekki þægilegur við mig. Sérstaklega eftir að heimþrá greyp í greyið og ekki nokkur lifandi leið fyrir mig að koma úr sporunum eftir að sá gállinn hljóp í gripinn. Á einum stað á fjallinu bara stoppaði hann og vildi snúa við og fara heim og gera þvert á vilja reiðmanns. Í nokkra stund glímdi ég við hrossið og snéri skepnunni þangað sem ég þurfti að fara og hvert sinn sem verkið tókst hreyfðist hún ekki. Sama hvað reynt var gekk hvorki né rak. Að endingu var um ekkert annað að ræða en að láta undan þrjósku klársins og halda sömu leið til baka. Og viljinn kom. Þá vildi hann hlaupa og hlaupa hratt og eins hratt og hann gat. Leiddist fjallaferðin. Sjá má að ekki bara menn fá heimþrá. Hestar þekkja hana vel. Er ég svo kom til réttarinnar, líklega síðastur allra, rak ég - á mínum "reiðhesti" - öllu má nú nafn gefa - á undan mér tvær kindur sem urðu á vegi mínum og einhverra hluta vegna urðu eftir er hinir fóru þar um. Ferðin var því ekki með öllu gagnslaus.

Fé bónda var dregið úr og rekið heim og til sömu réttar og lömbin voru mörkuð í. Og rúningur hófst. Þar fékk maður að taka í klippur og rýja rollu. Systkini bónda, makar og börn, voru á staðnum til hjálpar. Ekki mann ég hvers vegna, held samt að hafi verið á meðan á rúningnum stóð, má samt vera að hafi gerst við annað tilefni, að maður þurfti að aldursgreina ærnar og hafði auðvitað ekki hundsvit á neinu svoleiðis og spurði ásamt hinu ungvíðinu hvað þessi og hinn ærin væri gömul sem maður greip í hornin á. Og gekk þetta svona á meðan verkið stóð yfir. Einn í hópnum, fullorðin maður, var orðin leiður á öllum þessum endurteknu spurningum ungvíðarins sem að endingu hrópaði er sama spurning var enn einu sinni spurð: "Blessaður vertu maður. Þessi er að lágmarki átræð." -

Eitt verkanna sem gera þurfti var viðhald girðinganna á bænum. Dag einn vorum við strákarnir sendir með hamar og lykkjur í fötum til girðingarinnar sem og lá meðfram veginum sem tengdi bæina á staðnum saman. Nú háttaði svo til að meðferðis var fermingarúttvarpið fína sem alla jafna var í kassanum góða frá framleiðanda en hafði verið tekið úr kassanum til að hafa þarna við girðingavinnuna. Klukkan var um 14 og við að hlusta á þáttinn "Lögin við vinnuna" í Ríkisútvarpinu meðfram því að reka lykkjur í girðingastaura af miklum móð. Á þessu árum voru Bresku Bítlarnir, en það voru þeir oftast nær nefndir af útvarpsfólki, á hæsta punkti vinsælda sinna og nýlega búnir að gefa út plötuna "Sgt Peppers Lonely Hearts Club Band" og var nýjasti smellurinn af plötu einmitt leikin í þættinum á meðan við vorum þarna. Lagið heitir "With A Little Help From My Friend" sem Ringo Starr syngur. Söngurinn hitti í mark. Trúið því. Æ síðan, og enn í dag 2014, minnst ég veru minnar við þess girðingu í Ölfushreppnum er ég heyrir þetta lag. Merkilegt hvornig einstaka atvik í lífinu greipast í mann.



Hér, til vinstri, má sjá hluta girðingarinnar sem höfundur vann við að lagfæra er hann heyrði nýjasta lag Bítlanna " With A Little Help From My Friend " sem Ringo Starr syngur á plötu Bítlanna " Sgt Peppers Lonely Hearts Club Band " frá árinu 1967. Platan var nýkomin út og gagnsemi útvarptækisins orðin augljós.

Sumarið leið. Sláttur hófst og langur vinnudagur unnin á tíma sláttarins. Bóndi sá sjálfur um allan slátt en ég fékk að snúa heynu og raka því saman á bensínvélinni. Er kom að hirðingu heysins var flekknum ýtt saman með ámoksturstækjum dísilvélarinnar og búin til hrúga sem hægt var að keyra kvíslina í og moka upp á heyvagninn sem tengdur var bensínvélinni og öllu ekið í hlöðu þar sem Rússajeyppinn beið hinum megin við með spotta í sér sem fór þvert í gegnum hlöðuna og bundin í hlassið sem vagninn kom með. Næst var Rússinn gangsettur og hlassið dregið af vagninum og inn í hlöðu og þangað sem þurfti.

Ef von var rigningar var flekknum ýtt saman á sama hátt og búnar til heysátur sem striga var breytt yfir toppinn á. Og túnið fylltist litlum heysátum og kunnuglegri sjón allra sem um sveitina fóru á tíma heyskaparins 1967. Allt svona hefur vikið fyrir annarskonar aðferðum við heyskap íslenskra bænda.

Ég má til með að segja frá samskiptum mínum og Sáms greyið. Þannig var að fé vildi sækja í engjarnar neðan við bæinn og fór bóndi stundum í gluggann uppi sem vísaði í suður með kík og skoðaði aðstæður á engjunum. Sæist kind var ekki að spyrja að því að ég var sendur til að reka þær. Reynt var að lokka Sám með sem fylgdi mér nokkra metra en lagðist svo niður og bara lá þar. En ég hafði lært svolítið á seppa og vissi hversu sólginn hann var kleinur sem yfirleitt var nóg til af á heimilinu. Er kallið kom læddist ég inn í búrið tók hnefafylli af kleinum úr dós í einni hillunni og stakk í vasa minn og veifaði einni framan í Sám um leið og ég gekk út sem við það lifnaði allur og elti mig þangað sem ég fór með dinglandi rófu. Eina kleinu fékk hann strax og svo aðrar á leiðinni. Gerði ég það ekki þá lagðist hann niður. Þá fékk hann ekkert aftur á lappir nema - kleina. Hvað annað. Töluvert labb var niður eftir og er við gengum yfir brú eina tilheyrandi landareigninni blöstu engjarnar við og hægt að siga Sámi á féð sem við það tók á sprett og hljóp sem fætur toguðu í átt til kindanna sem sjálfar hlupu á harða spretti út fyrir girðingu. Og engjarnar hreinsuðust af fé. Aðferðin sem dugði til að hann hlypi sinn sprett var kleina sem veifað var framan í hann og um leið bent á féð og dýrinu sigað. Þetta skildi dýrið og tók á rás. Og mikill var spretturinn. Er Sámur svo kom til baka beið hans bakkelsið. Það mátti ekki bregðast. Ekki man ég lengur hvað gangan þangað niður eftir kostaði margar kleinur. En þær voru nokkrar. Mér spöruðu þær sporin. Engjasvæðið var allstórt.

Fljótlega eftir réttir Ölfusréttta í kringum 20 september þá lauk vist minni á bænum í Ölfushreppi og man ég eftir að daginn sem ég fór fékk ég greitt fyrir sumarið umsamið kaup 10.000 krónur sem bóndinn, vinur minn, braut saman og stakk í brjóstvasa skyrtunnar sem ég klæddist og nældi vasann aftur til að öruggt væri að féð týndist ekki á leiðinni. 10.000 krónur voru alsverðir peningar. Hvort ég var sóttur eða yfirgaf Ölfusið sitjandi í rútu man ég ekki. Tíminn um sumarið var ánægjulegur innanum allt þetta góða fólk sem maður kynntist og ber enn hlýhug til.



Íbúðarhúsi í Ölfushreppi og mitt afdrep sumarið 1967.
Bara góðar minningar frá þessum tíma. Bara góðar.

Takk fyrir mig.
Kveðja **KRF**.